



## Alvarlegar afleiðingar og dánartíðni sjúkdóma sem bóluset er gegn

Sjúkdómur	Alvarlegar afleiðingar	Dánartíðni
Barnaveiki (Diphtheria)	Lokun öndunarvegjar. Eitur bakteríunnar hefur skaðleg áhrif á hjartavöðva, nýru og taugakerfi.	Allt að 10% þeirra sem sýkjast.
Haemofilus influenzae af gerð b (Hib)	Barkaloksbólga, blóðsýkingar, heilahimnubólga, lungnabólga og beinsýkingar. Allt að 10–20% þeirra sem fá heilahimnubólgu fá heilaskaða og/eða heyrnartap.	Allt að 10% þeirra sem sýkjast.
Hettusótt (Mumps)	Heilabólga, heyrnaskerðing, bólga í brjóstum, briskirtli, eggjastokkum eða eistum (bólga í kynkirtlum eftir kynþroska getur valdið ófrjósemi).	Hettusótt veldur sjaldan dauða.
Hlaupabóla* (Varicella)	Heilabólga, blæðandi lungnabólga, bakteríusýkingar í kjölfarið. Ristill síðar á ævi sem getur valdið langvarandi verkjum eða blindu.	Sjaldgæft, um 1/100.000 sýkingum.
HPV (Human Papilloma Virus)	Árlega fá um 1700 konur forstigsbreytingar í leghálsi. 14–17 konur fá leghálskrabbamein. Önnur krabbamein tengd HPV eru sjaldgæfari en tíðni er ekki þekkt á Íslandi.	Um fjórar konur látast árlega á Íslandi af völdum leghálskrabbameins. Dánartíðni vegna annarra HPV tengdra krabbameina héraendis er óþekkt.
Inflúensa (Influenza)	Lungnabólga, heilabólga, bakteríusýkingar í kjölfarið.	Fer eftir aldri o.fl. Um 2–7/100.000 þýðis á ári.
Kíghósti (Pertussis)	Langvarandi og þrálátur hósti. Ungbörn sem þurfa innlögn á sjúkrahús: Öndunarstopp (allt að 67%), lungnabólga (23%), krampar (1–2%), heilaskaði (0,5%).	Allt að 5% hjá börnum yngri en 6 mán.
Meningókokkar C	Blóðsýking og/eða heilahimnubólga. Allt að 20% þeirra sem fá heilahimnubólgu fá heilaskaða.	Allt að 15% dánartíðni.
Mislingar (Morbilli, measles)	Allt að 1% þeirra sem sýkjast fá alvarlega heilabólgu eða lungnabólgu. Aukin hættu er á alvarlegum bakteríusýkingum í kjölfarið á mislingum, mögulega í 3 mánuði eða lengur.	Um 0,1–0,2% dánartíðni hjá börnum, mögulega hærra hjá eldri einstaklingum.
Mænusótt (Polio)	Um 0,5% fær viðvarandi vöðvalömun, lömun á þvagblöðru og/eða erfiðleika við öndun og kyngingu.	Allt að 10% þeirra sem fá lömun deyja.
Pneumókokkar (Strep. pneumoniae)	Heilahimnubólga, blóðsýkingar og lungnabólga. Um 10–20% þeirra sem fá heilahimnubólgu fá alvarlegan heilaskaða.	Um 10–60% þeirra sem eru með blóðsýkingu með eða án heilahimnubólgu deyja.
Rauðir hundar (Rubella)	Getur valdið liðbólgu og heilabólgu. Veikist kona á fyrstu mánuðum meðgöngu eru allt að 85% líkur á fósturskaða s.s. heyrnaskerðingu, blindu, vansköpun, hjartagalla, vaxtarskerðingu og jafnvel fósturláti.	Rauðir hundar valda fósturlátum og stuðla að nýburadauða vegna fósturskaða en sjaldan öðrum dauðsföllum.
Rótaveira (Rotavirus)	Algengasta orsök innlagna ung- og smábarna vegna niðurgangs og algeng orsök andláta vegna niðurgangs þar sem heilbrigðisþjónusta er ábótavant.	Dauðsföll eru mjög sjaldgæf þar sem aðgengi að meðferð er gott, en dánartíðni er um 0,34% á heimsvísu.
Stífkrampi (Tetanus)	Eitur bakteríunnar veldur vöðvkrömpum, hjarta- og lungnabilun.	Um 50% dánartíðni.

\*Almenn bólusetning barna við hlaupabólu hófst 2020, með fæðingarárangangi 2019